



Fundargerð 86. fundar stjórnar Reykjanes jarðvangs ses.
Haldinn mánudaginn 26. maí 2025, kl. 09:00 í Fundarsal SSS.

Mætt eru: Valgerður B. Pálsdóttir (formaður), Magnús Stefánsson, Árni Sigfússon, Arnbjörn Ólafsson, Guðrún P. Ólafsdóttir

Starfsmenn: Daníel Einarsson (sem ritaði fundargerð) og Sigrún Svafa Ólafsdóttir

Forföll: Fannar Jónasson, Þuríður H. Aradóttir Braun, Jóhann Snorri Sigurbergsson

Dagskrá fundarins:

1. Sigurlið Stapavöku kynnir verkefnið sitt

Sigurlið Stapavöku kynnti verkefnið sitt en það fjallar um Brú milli heimsálfa. Stjórn bauð krökkunum að koma á fundinn og kynna verkefnið sitt stuttlega sem liður í því að efla tengsl RGP og skólanna. Þeim var svo veitt viðurkenning frá Reykjanes jarðvangi að kynningu lokinni.

2. Brimketill - viðgerðir farnar af stað (til upplýsinga)

Framkvæmdir eru hafnar skv. áætlun.

3. Öryggismerkingar á ferðamannastöðum á Reykjanesi

Tillögur að merkingum við Valahnúk og Brú milli Heimsálfa. Bregðast þarf við varhugaverðum aðstæðum sem hafa líklega hafa skapast vegna aukinnar jarðskjálftavirkni undanfarin ár. Verkefnastjóra falið að vinna málið áfram ásamt Reykjanesbæ.

4. Sprotasjóður styrkir Gárur á Reykjanesi um 4.7 mkr. - Til upplýsinga

Stjórn lýsir yfir ánægju með verkefnið og styrkinn. Metnaðarfullt verkefni sem mun koma til með að efla útinám og tengsl nemenda og skóla við jarðvanginn.

Ekki fleira rætt og fundi slitið kl. 10:00